

Sá maður, sem hlotið hefur fasta skipun í stöðu, á rétt á að halda henni meðan hann rækir stöðuna þannig, að ekki verði að fundið.

Bæjarráð getur sett starfsmönnum erindisbréf og kveður þar á um starfssvið þeirra.

Skýlt er starfsmönnum að hlita breytingum á starfssviði sínu, enda missi þeir einskis af launum við þá breytingu.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

13. september 1974.

Nr. 280.

AUGLÝSING

um skipulag í Eiðahreppi, Suður-Múlasýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Eiðahrepps, Suður-Múlasýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

13. september 1974.

Nr. 281.

AUGLÝSING

um skipulag í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Reykhólahrepps, Austur-Barðastrandarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.